

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	23.4.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristleifur Andrésón	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Pórður Magnússon	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu voru skráð tvö ný frávik og ein ný ábendingar varðandi starfsemina.

Nýtt félag EB0117 hefur tekið við protabúi Sameinaðs Sílikons hf. þ.m.t. starfsleyfi og losunarleyfi sbr. tilkynningu sem barst Umhverfisstofnun í bréfi 8. mars sl. Rekstraraðila ber að óska eftir handhafabreytingu og eyðublað þess efnis sent sem viðhengi þessarar skýrslu. Skráningar voru ekki aðgengilegar fyrir rekstraraðila í eftirlitinu, s.s. varðandi birgðastöðu í verksmiðjunni og móttökukvittanir.

Verksmiðjan er ekki í rekstri en Umhverfisstofnun hefur gefið fyrirmæli um að óheimilt sé að endurræsa ofninn nema með skriflegri heimild stofnunarinnar að loknum fullnægjandi endurbótum og ítarlegu mati á þeim, sbr. bréf frá 1. september og 19. janúar sl.

Farið var yfir stöðu útistandandi fráviks sem ekki hafa verið gerðar fullnægjandi úrbætur á. Þar sem að um tímabundna rekstrarstöðvun er að ræða virkjast áætlun um frágang vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar og óskar Umhverfisstofnun því eftir verkefnaáætlun sbr. 2. tölulið áætlunarinnar. Huga skal sérstaklega að ráðstöfun á uppsöfnuðum birgðum af úrgangi og aukaafurðum sem og frágangi á lóð svo ekki hljótist mengun eða fok af.

### UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var farið yfir eftirfarandi atriði

#### 1. Áætlun vegna rekstrarstöðvunar

Þar sem að tímabundin rekstrarstöðvun er í verksmiðjunni er unnið eftir áætlun vegna rekstrarstöðvunar. Óheimilt er að hefja rekstur að nýju nema að undangengnum úrbótum vegna lyktarmengunar frá verksmiðjunni sbr. bréf dags. 1. september og 19. janúar sl. Farið var yfir áætlunina og framkvæmd hennar en verkefnaáætlun sbr. 2. tölulið um framkvæmd viðbragðsáætlunarinnar liggur ekki fyrir. Starfsmenn á vöktum vakta svæðið allan sólarhringinn. Kælivatn er áfram dælt upp úr grunnvatnsholum og látið renna í gegnum kerfið. Huga þarf að geymslu hráefna svo ekki hljótist fok af, um 2500 tonn af stórsekkjum af ósöluhæfu kísilyrki eru á lóðinni sem og grafitstangir, flest tæki hafa verið sett inn. Súrefnistankur hefur verið tæmdur og allar LPG og Argon flöskur verið fjarlægðar, Allur rafskautamassi er geymdur innandyra.

#### 2. Skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi

Kvittanir og bókhald var ekki til staðar í eftirlitinu en það var afhent til skiptastjóra í kjölfar gjaldþrots Sameinaðs Sílikons hf. Óskað var eftir upplýsingum um birgðastöðu framleiðsluúrgangs, aukaafurða og hráefna í eftirlitinu. Rekstraraðili taldi að búið væri að ráðstafa því efni sem var söluvara frá verksmiðjunni, s.s. málmleif, kísilmálm, kísilyrki ofl. Þá hefur íslenska Gámafélagið tekið við spilliefnum. Í tölvupóstum sem sendir voru eftirlitsaðila í kjölfar eftirlitsins kemur fram að um 2500 sekkir (um 2500 tonn) af óseljanlegu kísilyrki séu á lóðinni en þess utan er búið að senda 893 stórsekkir til urðunar í Sorpu í Álfsnesi. Um 670 tonn af málmleif (Silicon Sculls) hefur verið selt til Elkem til endurvinnslu og 1700 kg af spilliefnum hafa farið til Íslenska Gámafélagsins.

3. Gagnaskil skv. starfsleyfi. Minnt var á þau gögn sem þarf að standa skil vegna reksturs ársins 2017, s.s. grænt bókhald, útstreymisbókhald, skýrsla um umhverfsvöktun og niðurstöður mælinga ársins 2017. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til skila á umhverfsvöktunarskýrslu til 1.júlí og til skila á grænu bókhaldi til 1. júní nk. Útstreymisbókhaldi hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar.

4. Hráefnisgeymslur, vörugeymslur skv. grein 2.2. í starfsleyfi. Afgirðingu lóðar er ekki lokið en smiður hefur verið ráðinn til verksins og ætlað að klára að girða lóðina af í maí, búið er að bæta úr árekstrarvörnum við olútanka en huga þarf að lekavörnum. Enn er haugur af hreinsunargjalli (slaggi) utandyra.

### Frávik frá

Grein 1.1 í starfsleyfi

### Lýsing á frávikum

Nýr aðili er komin að rekstri verksmiðjunnar (EB0117) en ekki hefur verið sótt um handhafabreytingu sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

**ATHUGASEMDIR**

Tímasett verkefnaáætlun vegna rekstrarstöðvunar liggur ekki fyrir en slíka áætlun ber að gera skv. viðbragðsáætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar.

**ANNAÐ**

Sameinað Sílikon hf. var lýst gjaldþrota 22. janúar 2018 en 8. mars sl. barst Umhverfisstofnun tilkynning um að þrotabúið hefði selt veðsettar eignir þrotabúsins og öll leyfi (s.s. rekstrarleyfi og losunarleyfi frá Umhverfisstofnun) til félags EB0117 sem er dótturfélag Arion Banka. Á fundi nýrra rekstraraðila með Umhverfisstofnun þann 11. apríl sl. kom fram að tengiliður við Umhverfisstofnun yrði áfram Kristleifur Andrésson. Sækja þarf um handhafabreytingu starfsleyfisins þar sem að nýja félagið er rekið á annarri kennitölu en starfsleyfið er gefið út á.

Þann 19. janúar 2018 tók Umhverfisstofnun afstöðu til úrbótaáætlunar Sameinaðs Sílikons hf. vegna útistandandi frávika. Umhverfisstofnun áréttar þar að óheimilt sé að ræsa verksmiðjuna að nýju nema með skriflegri heimild frá stofnuninni að lokinni fullnægjandi endurbótum og mati á framkvæmd úrbóta. Úrbótaáætlun miðaði við að ýmsum úrbótum er varðar geymslu hráefna, ráðstöfun framleiðsluúrgangs og frágang lóðar yrði lokið áður en verksmiðjan yrði gangsett að nýju. Áætlað var að ljúka við afgangslóðar, olíutönkum yrði komið fyrir í samræmi við gildandi reglugerð, Unnið yrði að hönnun og malbikun lóðar og frárennsli fyrir gjall sem ekki stenst útskolunarpróf og að lokað yrði fyrir hráefnageymslur kola með nýjum tjalddúk áður en ofninn yrði gangsettur að nýju. Umhverfisstofnun féllst á þá úrbótaáætlun með skilyrðum og fyrirvörum um m.a. að upplýsingar um magn og efnainnihald sekkja á lóð og tímasettri áætlun um ráðstöfun efnisins á viðurkenndan hátt yrðu sendar Umhverfisstofnun. Áætlun um aðrar úrbætur er varða rekstrarlega þætti í verksmiðjunni voru jafnframt samþykktar með skilyrðum og fyrirvörum en þar sem að verksmiðjan er ekki í rekstri og ekki liggur fyrir tímasetning þess er ekki fjallað um þá þætti hér. Mikilvægt er að gerðar séu úrbætur á þeim eignum sem uppsöfnuð eru á lóðinni og geta hugsanlega valdið mengun í jarðveg og umhverfi verksmiðjunnar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.06.2018

  
Halla Einarsdóttir